

**3514. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,  
mánudaginn 31. október 2022 og hófst hann kl. 20:00.**

**Fundinn sátu:**

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs, Sævar Freyr Þránínsson bæjarstjóri, Guðný Jóna Ólafsdóttir verkefnastjóri og Sigrún Ágústa Helgudóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2210160 - Miðbæjarsamtökin Akratorg - umsókn um styrk**

Erindi frá Miðbæjarsamtökunum Akratorgi þar sem óskað eftir styrkveitingu að fjárhæð kr. 200.000 frá Akraneskaupstað til að halda jólamarkað þrjár helgar í desember.

*Bæjarráð samþykkir erindið og gerir ráð fyrir að það rúmist innan fjárhagsáætlunar vegna hátíðarhalda og viðburða fyrir árið 2022.*

*Samþykkt 3:0*

**2. 2210078 - Íþróttahús við Vesturgötu - LED skjár**

Skóla- og frístundaráð leggur til að óskir Körfuknattleiksfélags ÍA um kaup á LED skjá verði teknar til skoðunar í tengslum við fjárhagsáætlunargerð og vísar erindinu til bæjarráðs.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins og að eiga fund vegna þessa með forsvarsmönnum Íþróttabandalagsins og Körfuknattsleiksfélags Akraness.*

*Samþykkt 3:0*

**3. 2210154 - Íþróttamannvirki - tillaga að skipuriti**

Tillaga að skipuriti fyrir íþróttamannvirkin.

*Bæjarráð telur rétt að um málið verði fjallað í komandi stefnumótunarvinnu Akraneskaupstaðar en stýrihópur um verkefnið mun hittast í fyrsta sinn í næstu viku.*

*Samþykkt 3:0*

**4. 2210153 - Íþróttamannvirki - fjárhagsáætlunargerð 2023**

Áherslur forstöðumanns íþróttamannvirkja í tengslum við fjárhagsáætlun 2023 í samræmi við tillögur að nýju skipuriti.

*Bæjarráð telur ekki forsendur til að verða við erindinu í heild sinni að svo stöddu sbr. afgreiðslu í máli nr. 3. Gert er ráð fyrir umfjöllun bæjarráðs um tiltekin þátt skipuritsins á næsta fundi ráðsins sem verður næstkomandi fimmtudag.*

*Samþykkt 3:0*

**5. 2204124 - ÍA - rekstur, samskipti og samningur 2022-2026**

Skóla- og frístundaráð fjallaði um erindi ÍA á fundi sínum þann 26. október 2022, sem varðar fjárhagsbeiðnir frá nokkrum aðildarfélögum ÍA: Hestamannafélaginu Dreyra, Ungmennafélaginu Skipaskaga, Hnefaleikafélagi Akraness, Sundfélagi Akraness og Siglingaklúbbnum Sigurfara, og vísaði erindinu til bæjarráðs til afgreiðslu í tengslum við fjárhagsáætlunargerð 2023.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að eiga fund með forsvarsmönnum Íþróttabandalagsins vegna erindisins.*

*Samþykkt 3:0*

**6. 2210176 - Erindi frá Knattspyrnufélagi ÍA**

Skóla- og frístundaráð tók erindi KFÍA, sem varðar ósk KFÍA um viðræður við Akraneskaupstað um gerð samnings við Akraneskaupstað um rekstur á þeim mannvirkjum á Jaðarsbökkum sem tengjast starfsemi félagsins, á fundi sínum þann 26. október 2022 og vísaði málinu til afgreiðslu í bæjarráði.

LL vikur af fundi undir þessum lið.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að eiga fund með forsvarsmönnum KFÍA vegna erindisins.*

*Samþykkt 2:0*

*LL tekur sæti á fundinum á ný.*

**7. 2209178 - Reglur um niðurgreiðslu vegna dvalar barna hjá dagforeldrum - endurskoðun**

Skóla- og frístundaráð fjallaði um málið á fundi sínum þann 26. október sl. og áætlað að taka málið áfram til umfjöllunar á næsta fund ráðsins og útfæra það nánar.

Ráðið óskar eftir að gert verði ráð fyrir tilteknum viðbótarkostnað í áætlun vegna málsins.

*Bæjarráð samþykkir að gera ráð fyrir tilteknum viðbótarkostnaði vegna fyrirhugaðra áforma um breytingu á reglunum.*

*Samþykkt 3:0*

**8. 2104206 - Slökkvilið - samstarf og samrekstur Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar**

Skipan í samstarfsnefnd Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar.

Gert er ráð fyrir að skipan nefndarinnar sé þannig að auk slökkviliðsstjóra sé einn embættismaður frá hvoru sveitarfélagi um sig.

*Bæjarráð samþykkir að fulltrúi Akraneskaupstaðar í samstarfsnefndinni verði Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.*

*Samþykkt 3:0*

hl spr

9. **2207107 - Fjárhagsáætlun 2023 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2024-2026**

Áframhaldandi vinna við gerð fjárhagsáætlunar. Lokafundur bæjarráðs er nk. fimmtudag þar sem fyrri umræða fer fram í bæjarstjórn þriðjudaginn 8. nóvember nk.

Bæjarfulltrúar sem sæti eiga í skipulags- og umhverfisráði, Guðmundur Ingbór Guðjónsson og Sædís Alexía Sigurmundsdóttir sitja fundinn undir þessum dagskrárlið en Valgarður L. Jónsson á sæti í bæjarráði.

Einnig sitja fundinn Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Kristjan Helga Ólafsdóttir deildarstjóri fjármála- og launa.

*Bæjarráð samþykkir felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins og undirbúning að framlagningu áætlunarinnar á lokafundi bæjarráðs um fjárhagsáætlunina sem haldinn verður næstkomandi fimmtudag þann 4. nóvember kl. 08:15.*

Samþykkt 3:0

*Guðmundur Ingbór Guðjónsson, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, Sigurður Páll Harðarson og Kristjana Helga Ólafsdóttir vikja af fundi.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 00:50.**

*Lif hárusdóttir*

*Valgarður L. Jónsson*

*Ragnar Sæmundsson*

*Ólafur Þrándur*

*Steinn Helguson*